



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hátíðarsamkomu
í tilefni af
100 ára afmæli
stéttabaráttu í Þingeyjarsýslum
Húsavík
1. maí 2011**

Heiðraða samkoma
Góðir félagar

Það er í senn heiður og ánægja fyrir okkur hjónin að vera með ykkur á þessum degi, baráttudeginum 1. maí, þegar við minnumst frumherjanna hér á Húsavík sem hófu merkið hátt á loft, áttu sér drauma um betra líf, kröfðust sanngjarnari skiptingar verðmætanna, afraksturs erfiðis sérhvers vinnandi manns.

Í árdaga síðustu aldar var dagleg barátta um brauðið, fátæktin örlög fjöldans í byggðum landsins, launafólkið nánast réttlaut, vinnudagur langur, samningar um kaup og kjör fáheyrt fyrirbæri. Jafnvel kosningarétturinn var ekki veittur hinum snauðu, að þiggja styrk úr sjóðum hreppsins kom í veg fyrir að fólk gæti verið fullgildir þátttakendur á vettvangi lýðræðis.

Það er erfitt nú, hundrað árum síðar, að gera sér í hugarlund aðstæður þeirra sem komu saman 1911 til að stofna verkalýðsfélag á Húsavík, að skilja til hlítar eymdina, erfiðið, réttleysið sem leiddi stofnfélagana til þess fundar. Þeir vissu þó að í sjávarþorpum víða um landið, kaupstöðum fyrir norðan, sunnan, austan og vestan, óx ár af ári baráttuhugur og samstaða.

Líklegt er að þessir Þingeyingar hafi og sótt eldmód í umbótasögu héraðsins, í hreyfinguna sem skóp á öldinni sem á undan fór bændum sýslunnar sérstöðu; líklegt að þeir hafi sótt kraft í rætur samvinnustarfsins

og sjálfstæðisbaráttuna, uppistöður sem gerðu Þingeyjarsýslur að öflugum baklandi leiðtoga sem börðust fyrir nýrri stjórnskipun fyrir Ísland og sáttmála um betri hag, að þjóðin réði sjálf sínum málum.

Sjálfstæðisbaráttan var í Þingeyjarsýslum alþýðuhreyfing, kaupfélögin í hugum bænda ekki aðeins fyrirtæki heldur umfram allt samtök fólksins, tæki til að bæta kjörin, stuðla að sanngirni í viðskiptum.

Kjarninn í samvinnuhugsjóninni var að öllum bæri sami réttur, og hverjum manni eitt atkvæði; magn viðskipta réði ekki úrslitum á fundum félagsins. Ábyrgð stjórnenda átti að vera gagnvart fólkinu, íbúum byggðarlagsins.

Verkamannafélagið á Húsavík óx úr þessum jarðvegi, fékk í heimanmund hugsjónir og félagshefðir sem voru mótaðar í héraði og tengdar alþjóðlegri baráttu fyrir jöfnuði og bættum kjörum, hreyfingu alþýðunnar víða um lönd.

Saga verkalýðsfélaganna í Þingeyjarsýslum er í raun saga íslensks launafólks, sigrarnir sameiginlegir, glíman mótuð af ólgu hverrar tíðar. Oft var á brattann að sækja, verkföllin sum hver löng og hatröm, tvísýnt um úrslit; átökin í landssamtökum alþýðu og verkafólks gátu líka verið lamandi, flokkadrættir í stjórnmalunum skipað gömlum baráttufélögum í andstæðar sveitir.

Allt er þetta samofið þjóðarsögu, efniviður í burðug ritverk og rannsóknir, og nú erum við samankomin til að heiðra þá sveit sem á langri leið skipaði sér í raðir félaganna, til að fagna því sem vannst á vettvangi baráttunnar.

Þótt enn kreppi skórin víða og margir glími við atvinnuleysi og kjararýrnun í kjölfar hrunsins, sem varð fyrir röskum tveimur árum, eru ávinningar verkalýðsbaráttunnar á síðustu öld undirstöður velferðar og samhjárpar sem þrátt fyrir allt eiga djúpar rætur með þjóðinni.

Samningsréttur um kaup og kjör; almannatryggingar; alþýðufræðsla; félagslegar íbúðir; sjúkrasjóðir; lífeyrisréttindi; endurmenntun; sumarleyfi. Allt vörður á langri leið; hornsteinar í réttarstöðu launafólks sem vart verður haggð þótt hrikti í stoðum atvinnulífs og sumir vilji eigi fylgja stefnu sem tekur mið af hagsmunum launafólks.

Í ólgu undanfarinna missera hefur rödd Húsavíkur verið áberandi, varðstaða ykkar mikilvæg; fólkið í verkalýðsfélaginu hefur áréttað málstaðinn, sýnt að það er ekki alltaf höfðatalan sem skiptir máli, heldur sannfæringin, heilindin, krafan um réttlæti.

Við lifum á tímum tækni sem kemur skilaboðum rակleitt áleiðis, lætur þjóðina heyra rökin um leið og þau eru borin fram; tækni sem veitir félagi í norðlenskri byggð sama rétt og þeim sem starfa í aðalstöðvum höfuðborgar.

Þessi bylting í upplýsingatækni skapar samtökum launafólks ný tækifæri til áhrifa ef félagarnir hafa vilja til að nýta þau. Það hafið þið svo sannarlega sýnt og þar með sannað að verkalýðssamtökin í Þingeyjarsýslum eru enn ung í anda þótt hundrað ár séu að baki.

Rödd Framsýnar – stéttarfélags Þingeyinga sem netmiðlar og ljósvakinn varpar um þjóðartorgið er rómsterk og áhrifarík; hefur á stundum verið sem samviska launafólks þegar miklar ákvarðanir eru í vændum.

Á slíkum stundum þarf sterka rödd til að flytja skoðanir sem ríkjandi eru á vinnustöðum; varasamt að láta bara atvinnumenn í stofnunum og höfuðstöðvum eina ráða för.

Í þessum efnum hefur verkalýðsfélagið ykkar verið öðrum til fyrirmyndar, nýtt lýðræðisstyrkinn sem sagan og samtakamátturinn færa ykkur, beitt nýrri tækni í miðlun upplýsinga til að koma sjónarmiðum á framfæri við landsmenn alla.

Því spyrja margir þegar brýn mál eru á dagskrá: Hvað segja þeir á Húsavík – hvað finnst Þingeyingum?

Svörin eru ekki bara ykkar. Þau eru líka fyrir aðra, vinnandi fólk í öllum byggðum.

Það er merkilegt hlutverk á nýjum tímum, mikilvægt verkefni fyrir félag sem náð hefur virðulegum aldri en er samt ungt í anda og athöfn, að vera þannig áhrifaríkur málsvari launafólks.

Almenningur vill nú ráða æ meir um ákvarðanir; lýðræðið sækir í auknum mæli styrk í beina þátttöku félagsmanna, jafnvel heillar þjóðar. Við sjáum dæmin nánast á hverjum degi úr fréttum víða að úr veröldinni og höfum líka eigin reynslu þessu til stuðnings, sáum að íslensk þjóð var fullfær um að ráða til lykta flóknum málum með þjóðaratkvæðagreiðslu, hvort sem menn voru með eða á móti.

Á tímum aukins lýðræðis og nýrrar tækni sem lætur rödd lítills byggðarlags hljóma jafn skært og málflutning leiðtoga atvinnulífs og helstu stofnana heillar þjóðar, er áriðandi að þið í Framsýn, stéttarfélaginu í Þingeyjarsýslum, og samherjar ykkar í öðrum byggðarlögum haldið áfram að láta að ykkur kveða.

Heitstrenging um að vera slík rödd er besta afmælisgjöfin sem þið getið gefið, bæði ykkur sjálfum og öðru íslensku launafólki.

Ég færi ykkur á þessum tímamótum einlægur þakkir fyrir framlag félagsins, þakkir fyrir að vaktin hefur verið staðin í heila öld, um leið og ég ber fram einlæga ósk um farsælt starf í baráttu sem enn er brýn.